

MONITOR



TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD



EXPRESS

- Stjörnutogi Kringlunnar



- alvöru

EXPRESS



Þetta og miklu meira - **prófaðu** bara!

Grillhúsið hefur nú opnað nýjan stað á Stjörnutorgi Kringlunnar.

Loksins er hægt að fá sér orginal grillrétti á Stjörnutorginu - og það með hraði!

Við bjóðum þér alvöru hamborgara, djúsi samlokur, fersk salöt og bragðgóða smárétti.

Gamla góða Grillhúsbragðið sem allir þekkja, nú í Kringlunni.

Fáðu þér alvöru Grillhúsrétti með hraði á Stjörnutorginu.

Sjáumst hress!



EXPRESS

- Stjörnutogi Kringlunnar



LJÓSMYNDARA MONITOR BAR AÐ GARDI Á VIÐKVÆMRI STUNDU

Mynd/Kristinn

Milli býður í tónleikaferð

Bjartur og stelpurnar í **3Raddir&Beatur** heilluðu norskan athafnamann, sem hefur boðið þeim til Noregs og vill hjálpa sveitinni að slá í gegn

„Hann heyrði einhvern tímann í okkur og sagði bara: „Þetta er snilld, það geta allir hlustað á þetta. Ég ætla að hjálpa ykkur“,“ segir Bjartur Guðjónsson, betur þekktur sem Beatur. Hann á þar við norska athafnamanninn Jan Erik Fredriksen sem hefur boðið hljómsveit Bjarts, 3Raddir&Beatur, til Noregs þar sem hann ætlar að hjálpa sveitinni að koma ár sinni fyrir borð. 3Raddir&Beatur byrja á að spila á norskrí tónlistarhátíð í júlí og fara svo aftur út í ágúst til þess að túra um landið, troða upp og koma fram í sjónvarpinu. „Hann þekkir víst alla þarna í Noregi og ætlar að koma okkur í morgunsjónvarpið og í einhvern Jay Leno-þátt Noregs. Við erum svona að byrja að kynna okkur út fyrir landsteinana,“ segir Bjartur.

„Þú ert heil hljómsveit“

3Raddir&Beatur er nokkuð sérstakt band. Hljómsveitin notast ekki við hljóðfæri, en þess í stað sér Bjartur um undirleik með því að bítboxa og söngkonurnar Sandra, Kenya og Inga Pyri

syngja. Sú síðastnefnda er einmitt unnusta Bjarts. „Stelpurnar byrjuðu að syngja saman jólalög fyrir jóln 2008. Svo héldu þær áfram að syngja saman og fengu mig í lið með sér í einu lagi. Þá var ekki aftur snúið, þeim fannst það svo geðveikt,“ segir Bjartur.

Hann segir viðtökurnar góðar hvar sem þau koma fram. „Þetta er að slá því líkt í gegn. Þetta höfðar líka til svo breiðs hóps,“ segir Bjartur og játar að sumt eldra fólkið viti ekki hvaðan á sig stendur veðrið þegar það heyrir bítboxið. „Maður fær athugasemdir eins og: „Þú ert bara heil hljómsveit“,“ segir Bjartur og hlær.

Of töff fyrir fiðluna

Bjartur segist vera sjálfærður bítboxari, en

tæknina þróaði hann með sér á unglingsárunum. „Ég fór ekkert í nám eða videokennslu. Þegar ég var svona 15 ára fór ég að fíkta mig áfram þegar ég var að labba heim úr skólanum eða var í sturtu. Seinna leyfði ég einhverjum að heyra þetta, honum fannst þetta geðveikt og eitt

leiddi af öðru,“ segir Bjartur.

Hann segir nauðsynlegt fyrir bítboxara að hafa góðan ryþma og þá skemmi ekki fyrir honum sjálfum að hann hefur gott toneyra. „Ég get pikkað upp laglínur og gert víðeigandi bassalínur fyrir stelpurnar,“ segir Bjartur sem hefur þó ekki stundað tónlistarnám af ráði. „Ég var settur í fiðlunám þegar ég var sex ára, en entist ekki nema tvo mánuði í því. Ég var bara of töff fyrir fiðluna, vildi ekki standa rétt og var bara rebel.“

ÓTRÚLEGT MYNDBAND

Bjartur er ekki einungis fær bítboxari. Hann gerði á dögunum magnað myndband fyrir fagnleik Kók, sem stendur yfir um þessar mundir, og er á góðri leið með að vinna kosninguna fyrir besta myndbandið. Í myndbandinu skýtur Bjartur körfubolta af hjólabretti frá miðjum körfuboltavelli og hittir beint í körfuna. „Ég var að spila körfu og ákvað að prófa þetta. Það fyndna er að ég hitti strax í annarri tilraun. Ég ákvað að reyna að ná þessu á filmu, en þá tók það einhver 30 skipti áður en það heppnaðist,“ segir Bjartur. Myndbandið er hægt að sjá á vefnum coke.is.

Monitor mælir með

Á NETINU **NNDB.COM** eða Notable Names Database er gagnagrunnur um allt sem þig langar að vita um fræga fólkið, það er með hverjum þau eru, með hverjum þau hafa verið, hvað mamma þeirra heitir, hvað börnin þeirra heita, hver kynhneigð þeirra er og svo framvegis. Gagnagrunnurinn inniheldur safaríkar staðreyndir um 37 þúsund einstaklinga.



Í SPILARANN Á vefsíðunni **GoGoYoko.com** geta tónlistar-áhugamenn keypt íslenska tónlist milliliðalaust. Þar getur þú líka skráð þig inn og hlustað á lögin í heild sinni áður en þú kaupir þau og þú getur búið til playlista með uppáhaldslögnum þínum. Partíð er því ekki ónýtt þótt iPod húsráðandans sé ómögulegur.

MORGUNSAÐIÐ **Kaffismiðja Íslands** á Kárástíg 1 opnar klukkan hálf níu á morgnana og er vel sótt af skipulögðu fólki sem drattast aðeins fyrr á fætur til að geta gefið deginum aðeins betri byrjun. Kaffið er reitt fram afverðlaun- uðum kaffi- barþjónum.



Vikan á...

facebook



Friðrik Ómar
Ætla að bera á mig sólarvörn í dag og sleikja síðan sólina

hérna í Stokkhólmi. Hef lært af mistökunum. Brendist svo illa einu sinni að ég bólgnaði allur upp í andlitinu og sá vart út úr augum. Til að toppa þetta þá þurfti ég að tefla á skákmóti daginn eftir. Ég tefldi eiginlega blindskák þann dag....Það er BONGÓ hér í hólminum:)

29. júní kl. 9:03



Bubbi Morthens
sólin skín þrastamóðir á Eggjum

fyrstu rósir blómstra 2 faldur Expressó Laxin komin og það slatti Litla mín spjallar um Bibí Guð er góður

27. júní kl. 7:34



Egill Einarsson
Það er búið að ruglast á mér og David Beckham hérna

í USA 10sinnum og ég er búinn að vera hérna í korter! Otholandii!!

26. júní kl. 15:36



Ásdís Rán
er ekki bara spurning um að vera stolt af líkamannum

og ánægð með það sem maður hefur eftir allar þessar barneignir and show it to the world með stæl ;)

26. júní kl. 10:17

Feitast í blaðinu

Ævintýraferðir eru málið í dag þegar utanlandsferðir kosta fót- og handlegg. >>4

Vespum fjölga ört á Íslandi. Monitor kynnti sér þennan svala fararskjóta. >>6

Vala Grand opnar sig og skilur ekkert eftir fyrir ímyndunaraflíð. >>8

Eru íslenskar konur latar að taka sig til? Stíllinn kemst til botns í málinu. >>12

Fílófaxið tekur saman helstu viðburði helgarinnar á einum stað. >>15

Efst í huga Monitor

Monitor um víðan völl

Monitor var nafnið á fyrsta dagblaðinu sem gefið var út í Póllandi. Það kom fyrst út árið 1765, en útgáfunni var hætt árið 1785.



1955. Hann var tekinn af dagskrá árið 1975.

Monitor var listapáttur ssem hóf göngu sína í breska ríkissjónvarpinu árið 1958, en var tekinn af dagskrá árið 1965.



Monitor er líka nafn á eðlutegund. Monitor-eðlan er víst að gera það gott og sumir hafa gengið svo langt að fá sér Monitor-eðlu fyrir gæludýr. Út með hunda og ketti, inn með Monitor-eðlu.



Monitor er lítil bær í Indiana-fylki, en þar býr því miður enginn í dag.

Monitor er nafnið á stjórnmálatímariti sem gefið er út í Svartfjallalandi.



Ævintýri í bakgarðinum

Monitor komst að því að ævintýraferðir á Íslandi eru ekki bara ódýrari en sólarlandaferðir, heldur mun skemmtilegri.

„Íslendingar eru að átta sig á því hvað það er hægt að hafa gaman á Íslandi. Það eru því lík ævintýri í bakgarðinum hjá okkur,“ segir Logi Karlsson markaðsstjóri Arctic Adventures / Arctic Rafting, stærsta fyrirtækisins sem sérhæfir sig í ævintýraferðum á Íslandi. „Svona ævintýraferðir hjóma kannski ekki framandi fyrir sumum, en hversu margir hafa til dæmis farið í Austari-Jökulsá? Þegar fólk sér hana, þá er þetta bara geðveiki og það er fátt sem toppar að sigla þar niður.“

Ódýrari en matarkarfan

Logi segir hlutfall Íslendinga og útlendinga, sem sækja í ferðirnar, nokkuð jafnt. „Íslendingar virðast vera að ferðast mikið innanlands í ár, enda er orðið fátíðlegt dýrt að fara til útlanda. Þá erum við heppin að það sé svona stutt í ótrúlega öflug ævintýri,“ segir Logi. Hann segir verðin á ævintýra-ferðum hafa haldist óbreytt undanfarin ár, enda kostnaðurinn að mestu í íslenskum krónum. „Viðmiðin eru aðeins að breytast. Einu sinni þótti mikið að borga 12 þúsund kall

fyrir rafting-ferð fyrir norðan. En þegar matarkarfan er farin að kosta 20 þúsund kall er ekki dýrt að fara í svakalega flúðasiglingu fyrir 12 þúsund kall,“ segir Logi.

Þarft ekki að vera Iron-Man

Logi segir mikilvægt að fólk leiti til fyrirtækja eins og Arctic Adventures þegar farið er í ævintýraferðir. „Þótt þú búir á Íslandi áttu ekki að rjúka bara upp á jökul eða stökkva út í Silfru að synda. Fólk á að borga fyrir réttan búnað og leiðsögn. Þú færð 10 sinnum meira út úr því að vera með fagmanni sem sér um þetta, fer með þig á réttan stað og sýnir þér réttu leiðina,“ segir Logi.

Hann neitar því að menn þurfi að vera þalreyndir útivistarkappar eða sérlegir líkamsræktarfrömuðir til að fara í ferðirnar. „Þú þarft ekki að vera Magnús Scheving eða einhver brjálaður Iron-Man til að hafa gaman af þessu. Það væri lítið að gera hjá okkur ef það þyrftu allir að vera í ofurformi,“ segir Logi.



ÆVINTÝRAMAÐURINN LOGI KARLSSON



Snorkling í Silfru

„Ótrúleg upplifun í íslenskri náttúru. Snorkling er eitthvað sem allir ráða við og Silfra býður upp á ótrúlegt sjónarspil, eitthvað sem erlendir kafarar hafa fyrir löngu uppgötvað og er þetta meðal eftirsóknarverðustu köfunarstöðum heimsins í dag. Þeir hugrökku fá svo að hoppa af kletti ofan í ískalt vatnið.“

Hvar: Í gjánni Silfru á Þingvöllum.

Hve lengi: Tekur um tvær klukkustundir.

Kröfur: Engar kröfur um fyrri reynslu af köfun eða snorkling. Búnaður innifalinn.

Aldurstakmark: 14 ár.

Erfiðleikastig: 2 af 5.

Verð: 9.990 krónur.

River Rafting í Austari-Jökulsá

„Sigling sem ítrekað hefur verið valin sem eitt það besta sem hægt er að gera á Íslandi af erlendum ferðatímum, og ekki af ástæðulausu. Þetta ævintýri er stappfullt af adrenalíni og fær hjartað til að slá sem aldrei fyrr.“

Hvar: Lagt er af stað frá Hafgrímsstöðum í Skagafirði (um 15 km frá Varmahlíð) og er siglt niður hluta af Austari-Jökulsá.

Hve lengi: 4 klukkustundir.

Kröfur: Reynsla af rafting er æskileg. Annars þurfa þátttakendur að vera í þokkalegu formi og vel syndir, því í þessari siglingu mun fólk blotna.

Aldurstakmark: 18 ár.

Erfiðleikastig: 4+ af 5.

Verð: 12.990 krónur.



FLÚÐASIGLING Á STERUM Í AUSTARI-JÖKULSÁ

STOKKID Í HVÍTÁ Í FLÚÐASIGLINGU



River Rafting í Hvítá

„Lang vinsælasta ævintýraferð landsins síðustu ár ef ekki áratugi. Skemmtileg sigling fyrir þá sem eru í ævintýraleit og alveg frábær fyrir vina- og starfsmannahópa.“

Hvar: Lagt af stað frá Drumboddsstöðum í Biskupstungum (u.þ.b. 75 mínútna akstur frá Reykjavík) og er siglt niður hluta af Hvítá.

Hve lengi: Um þrjár klukkustundir.

Kröfur: Þetta er eitthvað sem flestir ráða við, svo lengi sem þeir þola að blotna aðeins. Allur útbúnaður er innifalinn en mælt er með að þátttakendur komi með handklæði, sundföt og hlýja peysu.

Aldurstakmark: 12 ára.

Erfiðleikastig: 2 af 5.

Verð: 7.990 krónur.

Fjórhjólaferð í nágrenni Reykjavíkur

„Þrælskemmtileg ferð í nágrenni Reykjavíkur. Erfiðleikastig ferðarinnar er breytilegt og er tekið mið af hverjum hópi fyrir sig, sem gerir þetta að ferð sem flestir ættu að geta haft gaman af.“

Hvar: Lagt af stað frá mótorkrosssvæðinu gegnt Litlu Kaffistofunni og keyrt eftir slóðum sem eru á því svæðið.

Hve lengi: 1 klukkustund.

Kröfur: Þátttakendur þurfa að hafa bílpróf en frekari reynslu er ekki krafist. Farið er yfir öll öryggisatriði og kennt á hjólin í upphafi ferðar.

Aldurstakmark: Bílprófsaldur.

Erfiðleikastig: 2 af 5.

Verð: 9.990 krónur (tveir á hjóli).

GÓÐ FERÐ FYRIR VINAHÓPINN



HVALFJÖRÐURINN ER FALLEGUR STAÐUR

Sjókajak í Hvalfirði

„Mögnuð ferð á mögnuðum stað. Hvalfjörðurinn er kjörinn fyrir sjókajak og býður upp á afar fallegt og rólegt umhverfi. Ferðin er góð kynning á frábærri afþreyingu, eitthvað sem flestir ættu að ráða við og prófa.“

Hvar: Lagt af stað frá Hvammsvík í Hvalfirði.

Hve lengi: 2-3 klukkustundir.

Kröfur: Allur búnaður er innifalinn en mælt er með því að þátttakendur komi með hlýjan fatnað, föt til skiptanna og sundföt.

Aldurstakmark: 16 ár.

Erfiðleikastig: 3 af 5

Verð: 12.990 krónur.

ECO FUEL



Sparaðu allt að 50% af
árlegum eldsneytiskostnaði.

Sparar allt nema gæðin

Passat EcoFuel® er eitt best geymda leyndarmálið í íslenskri umferð. Visthæfur lúxusbíll sem gengur fyrir íslensku metaneldsneyti. Eldsneytiskostnaðurinn er því nær helmingi minni en hjá sambærilegri bensínbifreið. Auk þess leggur hann frítt í stæði í Reykjavík, 90 mín. í senn – og losar aðeins um 119 CO₂ g/km. Íslenskt metan er unnið úr lífrænum efnum, því verður engin aukning koltvísyrings í andrúmsloftinu við bruna þess.

Passat EcoFuel® kostar aðeins frá
3.890.000 kr.



Das Auto.

METAN er innlendur orkugjafi

METAN er helmingi ódýrara en bensín

Reynslan er góð!
Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



Ásta Bærings, dansari og danskennari

Falleg hönnun og heillandi litagleði



ÁSTA BÆRINGS LÆTUR FARA VEL UM SIG Á VESPUNNI

Hin eina sanna Vespa

Monitor ákvað að taka hús á nokkrum íslenskum Vespueigendum og kanna nánar hvað það er sem gerir Vespuna svona ómótstæðilega.

Nú þegar sól er hæst á lofti ber oftast og oftast fyrir augu farkost einn sem á auknum vinsældum að fagna á götum borgarinnar. Þar eru á ferðinni létt og lipur vélhjól sem kallast einu nafni „Vespu“. Monitor kynnti sér málið og komst að því að málið er þó ekki svo einfalt með nafnið og hjólið; í ljós hefur komið að vespa er eigi Vespa nema Vespa sé.

Það kemur nefnilega upp úr dúrnum að það er aðeins til ein Vespa. Hún er framleidd af ítalska fyrirtækinu Piaggio og hefur svo verið frá árinu 1946. Létt vélhjól (e. scooter) frá öðrum framleiðendum hafa reyndar verið til lengur en svo, en Vespan var hið fyrsta sem sló í gegn, og það tækilega. Nafnið mun þannig til komið að þegar forstjóri fyrirtækisins, Enrico Piaggio, heyrði málið í mótör fyrstu frumgerðarinnar, varð honum að orði: „Sembra una vespa!“ sem útleiggst sem „hljómar eins og vespa!“ á íslensku. Nafnið hefur loðað við tækið allar götur síðan.

Álitlegur fararkostur fyrir vinnandi fólk

Vespan þótti fljótlega hinn álitlegasti farkostur fyrir vinnandi fólk í stórborgum. Ekki einasta var hún

talsvert liprari í snúningum en bílarnir, heldur áttaði fólk sig fljótlega á því að þar sem vélbúnaðurinn var allur hulinn þurfti ekki að hafa áhyggjur af því að olía, smurning og annar óþrífnaður slettist í fót þess sem hjólið sat. Á rúmum sex áratugum hefur mikið vatn runnið til sjávar og fleiri gerðir Vespunnar hafa litið dagsins ljós, með ýmsum aukabúnaði og öflugri vélum.

Retrósjarminn heillar nú sem fyrr

Hönnuðir Vespunnar hafa alla tíð gætt þess að svipta farskjótann ekki frumsjarna sínum og retró-svipurinn heillar nú sem fyrr. Stjórnendur Piaggio hafa þess í stað lagt áherslu á að minna almenning á að það sé aðeins til ein „Vespa“ og varast beri eftirlíkingar. Meðal frægra einstaklinga sem hafa átt Vespu má nefna Salvador Dalí, Jean-Paul Belmondo, Bond-leikkonuna Ursulu Andress, leikarann, kappakstursmanninn og ofurtóffarann Steve McQueen og loks tiskuhönnuðinn Stefano Gabbana. Bíladellumenn á borð við Jay Kay í Jamiroquai og Jay Leno eiga vitaskuld margar, þar á meðal sjaldgæfa safngripi. Tiger Woods hefur tvær til taks á stórskútu sinni til að skottast milli skuts og stafns.



MARGRÉT OG VESPAN HENNAR Á AUSTURVELLI

Hvers vegna Vespa frekar en bíll?

Ég á reyndar bæði Vespu og bíl en ég vel alltaf Vespuna fram yfir bílinn nema aðstæður spili gegn því. Ég tók mig til og fékk mér mótörhjólpróf vorið 2008 og stefndi upphaflega á að fá mér „racer“. Svo áttaði ég mig reyndar á því að það væri mjög heilsuspillandi fyrir mig að eiga svo öflugt hjól þar sem ég er frekar mikill spennufíkill og myndi oftast en ekki falla fyrir því að láta reyna á hraðann. Í framhaldi af því byrjaði ég að kynna mér aðra möguleika og sá að það var hægt að kaupa 250cc Vespu sem er fullkomið afl fyrir löglegan akstur og vel það. Ég skellti mér því á fallega Vespu í staðinn fyrir týpískt götuhjól og sé alls ekki eftir því. Hún hét upphaflega Rós en svo umturnaðist hún eina nóttina í Rauða Drekkann. Drekkinn er fallegur, sparneyttinn og öflugur - draumur í dós.

Í hverju felst sjarminn við að aka um á Vespu?

Eins og með fornbílana þá er hönnunin svo falleg og litagleðin svo heillandi að maður eiginlega vildi óska að sjótti og sjóndi áratugurinn hefði aldrei liðið hjá. Það er eins og maður stígi svolítið inn í sinn eigin Rockabillyheim. Þú setur á þig hjálminn og sest á græjuna og skyndilega snýst lífið um Elvis Presley, mjólkurhristing, bíó og bleik ský. Svo stígur maður reyndar af hjólinu aftur og maður nær geðheilsunni á ný.

Andri Ólafsson, fréttamaður á Stöð 2

Eins og súpermódel á móti Playboy-gellu

Hvernig myndirðu lýsa hinum dæmigerða Vespueiganda?

Ég veit ekki hvort það séu einhverjar sérstakar týpur sem eiga Vespu. En ég hef stundum sagt að munurinn á Harley Davidson-mótörhjólum og Vespu sé svolítið eins og munurinn á Playboy-fyrirsætu og súpermódeli. Það er aðeins meiri still yfir þeirri síðarnefndu.

Hvað er það lengsta sem þú hefur farið á Vespunni?

Ég hef nokkrum sinnum farið á henni inn í Hafnarfjörð. En aðallega nota ég Vespuna til og frá vinnu og í miðbæjarsnatt.

Er Vespan heilsárs-farartæki á Íslandi?

Já. Ef maður er í þannig stuði. Sjálfur nenni ég ekki að nota hana yfir hörðustu vetrarmánuðina. En það er vel hægt.



ANDRI ÓLAFSSON KANN AÐ META GÓÐAN STÍL

Margrét Erla Maack, útvarpskona:

Pils og kjólar nauðsynleg fyrir dömurnar

Hver er svalasti Vespueigandi sem þú manst eftir í svipinn?

Brendan Sullivan, rithöfundur, plötusnúður og góðvinur minn sem býr í New York, ekur um á eldgamalli, ljósblárra Piaggio vespu fram og aftur Williamsburg-brúna með gógópírur aftan á og vinylpöturmar sínar í hliðartösku.

Hvaða útbúnaður er nauðsynlegur fyrir alla Vespueigendur?

Hjálmur, góðir hanskar og hlífðarjakki. Pils og kjólar fyrir dömurnar líka. Svo eru allir að segja mér að fá mér rúðu á mína.

Er veröldin fallettri séð af Vespu en úr bíl?

Já, erfitt að útskýra það. Maður heyrir í heiminum og finnur lykt. Leiðinlegt samt þegar fólk svínar fyrir mann og keyrir í rassinum á manni. Ég legg mig fram um að velja leiðir þar sem hámarkshraði er 50-60, en það er nú samt tekið fram úr hálfvegis, fjórum til sex sinnum í hverri ferð. Vinsamlega farið alveg yfir á hina akreinina ef ætlunin er að taka fram úr. Svo hittir maður alltaf fólkíð sem tók fram úr á næstu ljósum.



Nýtt sumarbragð

WRIGLEY'S

Extra®

Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...



Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætufrni í tyggigúmmii

Rannsóknir sýna að notkun sykurlausss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.



viðtalið

■ ■ *Karlmenn á Íslandi eru bara svo graðir og þeir eru forvitnir. Ég held að þeir vilji vita hvernig það er að vera með mér.*

Vildi fá eistun heim í krukku

Vala Grand gekkst undir kynleiðréttingaraðgerð á dögnum. Hún ræddi við Monitor um aðgerðina, strákamálin, sambandið við Baldvin, hugsanlega þátttöku í Ungfrú Ísland og hvernig það er að vera loksins orðin kona eftir margra ára bið.

Texti: Björn Bragi Arnarsson bjornbragi@monitor.is
Myndir: Ernir ernir@mbl.is

Þjóðskrá er búin að samþykka að Vala Grand sé kona, en það er reyndar eitthvað sem hún komst sjálf að þegar hún var barn. „Ég fékk ekki að fermast í jakkafötum, en ég var í dragt í veislunni,“ segir Vala sem hefur aldrei verið í vafa um hver hún er og aldrei verið feimin við að vera hún sjálf. „Ég var rekin úr grunnskóla í viku því ég lamdi gaur með stól fyrir að kalla mig „hommadjöful“. Ég hef alltaf verið svona karakter, ég lét ekki vaða yfir mig. Þegar ég var yngri var ég alltaf að lenda í slag við þá sem sögðu að ég væri ekki stelpa,“ segir Vala.

Vala er ættuð frá Filippseyjum en fluttist til Keflavíkur með móður sinni þegar hún var tveggja ára. Í dag býr hún í Breiðholti með kærasta sínum, Baldvin Vigfússyni. Vala er 24 ára og er að eigin sögn yngsta manneskjan sem gengist hefur undir kynleiðréttingaraðgerð á Íslandi. Hún er menntuð í snryttifræði en hefur ekki ákveðið hvað hún tekur sér fyrir hendur þegar hún hefur jafnað sig eftir aðgerðina.

Vala er óhrædd við að tala um málefni sín og segir skoðun sína hvort sem fólk líkar betur eða verr. „Þegar ég vaknaði eftir aðgerðina spurði ég lækna hvort ég mætti fá eistun með mér heim í krukku. Læknarnir voru bara: „Nei!“ Mig langaði svo að fá að eiga þau. Þetta eru tólin mín og mig langaði að geta sýnt fólk þau þegar það kemur í heimsókn,“ segir Vala og hlær. Hún var svo elskuleg að eyða hádegi með Monitor, þrátt fyrir að vera enn að jafna sig eftir aðgerðina.

Segðu mér frá ferlinu, frá því þú áttaðir þig á því hver þú varst í raun og veru og þar til þú gekkst undir aðgerðina.

Ég er búin að vera í þessu prógrammi í 14 ár. Ég fór fyrst til geðlæknis og sálfræðings þegar ég var nýfermd. Þegar ég var unglingur vissi ég ekkert. Ég veit ekki hversu miklum peningi mamma og pabbi eyddu í lækna, en það borgaði sig. Ég fór frá lækni til lækni, frá geðlækni til geðlækni og sálfræðing til sálfræðings. Það vissi enginn hvert átti að senda mig, þetta var svo nýtt og ég var svo ung þegar ég uppgötvaði mig. Anna Kristjáns var eina manneskjan sem hafði komið fram í fjölmiðlum og talað um þetta á Íslandi. Á endanum var fundinn einn læknir sem er sérfræðingur í þessu, hann heitir Óttar Guðmundsson. Ég er búin að vera hjá honum í mörg ár og hann er búinn að fylgjast með mér blómstra. Hann þurfti að komast að því hvort ég væri viss um þetta allt. Ég var hjá Óttari í mörg ár en tók svo eitt ár í pásu. Þá var ég búin að prófa ansi mikið og alveg „go around“. En það eina sem ég gat ekki gert var að sofa hjá stelpu. Núna nýlega spurði læknirinn mig hvort ég væri jómfrú og ég bara: „Já, ég er að fara að deyja sem jómfrú!“

Þú hefur ekki efast í eina sekúndu um að fara í aðgerðina?

Aldrei.

Segðu mér frá nafninu þínu.

Ég hef oft verið spurð að því hvar ég fékk nafnið „Grand“ og hvort ég hafi tekið það upp því ég sé svo „grand á því“. En ég heiti í raun og veru Vala Grand Gregory. Afí minn

heitir Grand Gregory og fjölskyldan mín úti í Filippseyjum á skóla sem heitir Grand Gregory High School. Ég var að fá nýtt debetkort með nafninu Vala Grand um daginn. Svo átti ég að skrifa nafnið mitt á kortið og skrifaði óvart Valur Grand, sem er upprunalega nafnið mitt.

Hvenær fórstu að láta kalla þig Vala?

Ég hef notað Völu-nafnið síðan ég var krakki. Fyrst kallaði ég mig samt Brandy Wahlberg, þegar ég var í 8. til 10. bekk. Eigum við að ræða það eitthvað? Gamli íþróttakennarinn minn þekkir mig ennþá bara undir því nafni. En ég fékk að breyta nafninu mínu löglega og taka upp nafnið Vala fyrir fjórum mánuðum.

Hvernig hefur fjölskyldan þín tekið þessu öllu?

Veistu, ég væri ekki hérna án mömmu og pabba. Það er ekkert ódýrt að fara til læknis eða sálfræðings, en þau sendu mig út um allt til þess að reyna að hjálpa mér.

Hvernig er að vera transgender á Íslandi í dag?

Ég er eiginlega búin að fá ógeð af þessu trans-orði. Þó að það verði alltaf fólk sem flokkar mig sem trans þá er ég bara orðin kona. Ég er kona með transsexual-reynslu. Þú ert trans-kona þegar þú ert að fara í gegnum ferlið. Þaðan kemur þetta transsexual-orð, af orðinu „transforming“. Þú ert að breytast og gera þig tilbúna til að endurfæðast. Það er einmitt það sem þetta er, endurfæðing. Ég er ekki einhver kynskiptingur, ég er kona í dag. Mér finnst það bara blessun að hafa fengið að prófa að vera bæði kynin.

Þú ert einn allra þekktasti Íslendingur sem hefur gengist undir svona aðgerð og hefur talað mjög opinskátt um þessi málefni. Kanntu vel við að vera talskona fólks í þinni stöðu?

Mig langar að minnsta kosti mikið til þess að upplýsa fólk og segja því að þetta er eitthvað sem ég valdi ekki. Þetta er eitthvað sem ég var, þetta er eitthvað sem ég fæddist með. Ég get ekki talað fyrir allar, en þetta á örugglega við um hinar líka. Þótt Ísland sé lítið eru alveg andskoti margir hérna í minni aðstöðu, en það er bara enginn sem vill koma fram og tala um þetta. Það vantar sterka karaktera. Ég er algjörlega að sjá um að koma fram fyrir hönd fólks í minni stöðu og ég held að mér hafi gengið mjög vel við það. Ef saga mín getur hjálpað fólk á einhvern hátt þá er ég tilbúin að segja hana. Ég er búin að berjast mikið fyrir mínum réttindum. Ég spurði lækna og geðlækna hvort ég væri með öll sömu réttindi og kona. Svo ætla ég að tékka á því, þegar ég er búin að láta setja júlur á mig, hvort ég megi taka þátt í Ungfrú Ísland. Ef ég er með réttindi eins og kona þá ætti ég að fá að taka þátt í Ungfrú Ísland.

Gætirðu í alvöru hugsað þér að taka þátt í Ungfrú Ísland?

Já. Bara upp á gamanið. Ég er ekkert að segja að ég ætli að vinna keppnina, en það yrði ótrúlega góð staðfesting á mínum réttindum ef ég fengi að taka þátt. Það væri bara asnalegt ef þeir myndu segja: „Hún má ekki keppa því hún var með typpi“. Ef ég má taka þátt, þá er ég búin að sanna allt og staðfesta fyrir sjálfri mér að ég er kona. Hvernig gætu þeir sagt að ég sé ekki kona þegar ég er komin með píku? Ef það verður eitthvað kjafstæði, þá verða vandræði og vesen, ég er ekki að grínast.

Á 60 SEKÚNDUM

Tónlist sem þú hlustar mikið á: R'n'B. Rihanna, Pussycat Girls, Beyonce og allt svona „girly“.

Sjónvarpsþáttur sem þú fílar: Despó og Sex and the City. Ég er líka komin inn í True Blood núna.

Hlutur sem þú getur ekki verið án: Stafurinn minn.


Það sem þú hræðist mest: Að gatið mitt lokist núna.

Heitasti karlmaður fyrir utan Baldvin: Eminem. Ég var að horfa á nýja myndbandið hans og ég var bara: „I would tap that!“ Og Baldvin bara: „Ég líka.“

Þinn helsti veikleiki: Ég er of hreinskilin.

Persóna sem þig langar að hitta: Tyra Banks eða Jessica Alba.

Matur sem þú elskar: Hrísgjón. Ég get borðað hrísgjón með hverju sem er.



Við hvað starfar þú?

Núna er ég bara að slappa af og finna mig aftur, enda sagði læknirinn mér að taka því rólega. Ég veit ekkert hvað ég ætla síðan að gera. Eina sem ég er búin að vera að gera núna er að horfa á Queen Raquela-myndina sem ég lék í. Ég er búin að vera bara: „Vá hvað ég er vangefin þarna“. Þetta er geðveikt myndin mynd, ég mæli með henni.

Gætirðu kannski hugsað þér að verða leikkona?

Ég væri til í að vera leikkona, ég gæti það. Það eru allir að segja við mig að ég eigi að vinna í sjónvarpinu. En íslenskan mín er ekki nógu góð, ég kem alltaf með enskuslettur og fallbeygi vitlaust. Ég tala náttúrulega filippseysku, íslensku og ensku, þannig að maður ruglar þessu aðeins saman. En ég væri allavega til í að vinna við eitthvað í skemmtanageiranum. Ég er förðunarmeistari og áður en ég fór í aðgerðina tók ég eina önn í hárgreiðslu. Svo þurfti ég að taka hlé á því til að undirbúa mig fyrir aðgerðina. Ég þurfti að hætta á hormónunum í heilan mánuð og trúðu mér, þú myndir ekki vilja að ég væri konan þín þá. Eftir að vera búin að dæla í sig hormónum í eitt og hálf ár og þurfa allt í einu að hætta á þeim... ég var brjáluð. Greyið Baldvin! En hann er svo æðislegur.

Hvernig fóru skapsveiflurnar með sambandið?

Ég sendi hann alltaf út. Ég sagði bara: „Farðu út núna!“ Hann bara: „Strákar, ég er að koma yfir til ykkar núna!“ Þetta bara fylgir þessu.

Hvernig voru strákamálin hjá þér áður fyrr, áður en þú byrjaðir í sambandi og áður en þú fórst í aðgerðina? Sagðir þú strákum alltaf hvernig var í pottinn búíð?

Ég get alveg viðurkennt að þegar ég var yngri var ég svolítið smeyk við það og þá var ég svolítið mikið í Könunum, þegar herinn var hérna. Ég er búin að upplifa þvílík ævintýri, en ég sagði alltaf við fólk að ég væri trans. Ég var bara búin að fá nóg af íslenskum strákum því þeir voru alltaf eitthvað: „Við erum að dúllast saman, en enginn má vita af því.“ Eins og þeir skömmuðust sín fyrir mig og ég fékk bara ógeð á því. Mér leið eins og ég væri ekki mennsk. En það eru helvíti margir strákar að gefa mér auga í dag, eftir aðgerðina. Og ég sem er í sambandi! Ég þoli ekki svona. Allt í einu núna vilja þeir eitthvað.

Færðu mikla athygli frá strákum?

Ég finn alveg fyrir henni. Það er líka erfitt að fara á djammíð og það er verið að klípa mann í rassinn, svo veit maður ekkert hver það er. Karlmann á Íslandi eru bara svo graðir og þeir eru forvitnir. Ég held að þeir vilji vita hvernig það er að vera með mér. En

WALTERA GIRAÞIÐ



ég er ekki eitthvað sem menn mega prófa. Ég er með manni sem má prófa mig. Ég hef verið notuð af strákum og það er oft búið að fara illa með mig. Þetta er öðruvísi hjá mér og Baldvin. Við urðum fyrst mjög góðir vinir og urðum svo ástfangin.

Hvernig var að vera með strákum áður en þú fórst í aðgerðina, þegar þú varst stelpa en með strákatól? Það hljóta að hafa átt sér stað vandræðalegar uppákomur.

Ég get alveg viðurkennt að þegar ég var krakki og á unglingsárunum þá fékk ég standpínu. Það voru mómment sem ég var þvilíkt hrædd við. Ég var kannski í geðveikt flottum kjól á balli og sá einhvern geðveikt fallegan gaur og þá gerðist það og ég bara: „Nei!“ Heyrðu, veistu hvað mín gerði? Ég fór inn á klósett og tók símann minn og byrjaði að lemja á þetta á fullu. Ég var skithrædd inni á klósetti og var bara: „Stelpur hjálpiði mér, hvað á ég að gera?“ Svo vorum við allar að slá í þetta.

Hvernig eru kynfærin á þér núna samanborin við „náttúrulega“ þíku?

Ég blotna, en ekki mikið. Það er ekki slímhúð í leggöngunum því það eru ekki eggjastokkar. Munurinn á handgerðum leggöngum og leggöngum sem stelpur fæðast með er að í handgerðu leggöngunum er hægt að fara alla leið upp. Þess vegna þarf ég að vera dugleg að æfa mig.

Getur þú fengið fullnægingu eftir aðgerðina?

Ég er ekki alveg komin með hana. Snípurinn er svo bólginn að ég er varla byrjuð að þora að snerta. En ég mun geta það, snípurinn verður alveg eins og venjulegur. Svo fer ég kannski í aðra aðgerð til að laga snípinn og gera fallegri barma. Ef mér finnst þjallan mín vera ljót get ég látið endurgera eða laga hana.

Hvenær máttu byrja að stunda kynlíf?

Bara þegar ég sjálf er tilbúin. Læknirinn sagði að sumar væru byrjaðar að sofa hjá eftir fjórar vikur.

Verður það ekki skemmtilegra núna þegar þú ert búin í aðgerðinni?

Bara nýtt líf. Ég þarf náttúrulega að prófa mig áfram, ég kann ekkert á þetta. Vinkonur mínar voru að segja: „Nú komum við í heimsókn og mætum allar með leikföng og kennum þér.“ Ég á svo góðar vinkonur. En ég var bara: „Nei, ég vil læra þetta sjálf!“

Hvernig kynntust þið Baldvin?

Það var á Gay Pride-ballinu á NASA fyrir tveimur árum. Ég ætlaði ekki einu sinni að fara þarna inn og ekki hann heldur. Ég sá hann þegar ég var uppi á sviði að dansa með Páli Óskari. Við vorum búin að gefa hvort öðru auga um kvöldið og svo labbaði ég bara upp að honum og sagði: „Hey þú, kysstu mig.“ Mig langaði bara eitthvað í hann. Þvilíkt sjálfstraust. Þetta er kvöld sem ég mun aldrei gleyma.

Eruð þið í sjöunda himni saman?

Það er svona upp og niður. Hormónnameðferðin tók náttúrulega á. Ég elska Baldvin ótrúlega mikið, en það er ekki fyrr en eftir svona tvö eða þrjú ár sem sambandið byrjar fyrir alvöru. Allt hitt er bara kynning.

Það var fjallað um það í fjölmiðlum að það hefði verið kveikt í bílnum ykkar í mars. Það hlýtur að hafa tekið svölitið á líka.

Já, þarna var ég akkúrat að hætta á hormónunum og byrja að slappa af. Við vorum vakinn klukkan fjögur um nóttina og lögreglan stóð fyrir utan og spurði hvort við ættum Chrysler-bíl. Þá hafði einhver brotið gluggann og sett gaskút inn í bilinn og kveikt í honum. Sem betur fer náðu þeir að slökkva eldinn áður en gaskúturinn sprakk. Ég veit ekki hvort þetta var hatursglæpur eða bara einhver fáviti sem sá flottan bíl og ákvað að brenna hann. Hver sem gerði þetta, ég vona að hann skammist sín ógeðslega mikið. Hann skuldar mér að minnsta kosti fyrir viku hjá sálfræðingi. Ég var í viku hjá sálfræðingi, ég var svo hrædd. Ég hugsaði hvort maður þyrfti að fá sér lífvörð eða flytja úr landi.

Þið Baldvin hafið bæði talað um það í fjölmiðlum að fjölskyldan hans hafi ekki tekið sambandinu ykkar vel í byrjun. Hvernig er staðan á þessu í dag?

Mamma hans og pabbi halda að ég sé alltaf að hringja í fjölmiðla og láta þá vita af því hvað ég er að gera. Ég móðgaðist og er svölitið reid núna. Þegar Baldvin var svona mikið í fjölmiðlum á meðan ég var uppi á sjúkrahúsi, héldu þau að ég væri að biðja fjölmiðla um athygli. Það eina sem ég gerði var að skrifa Facebook-status.

Þannig að sambandið er ennþá stírt?

Já, það er svölitið erfitt. Mér líður eins og ég sé ekki ennþá velkomin. Ég held að þetta fólk sé bara þannig að þau vilja ekki vera þekkt fyrir að eiga tengdadóttur eins og mig. En þau bjóða mér alveg í matarboð og svona, en mér finnst það bara vera eitthvað gervi. Fjölskyldan hans er bara svölitið gamaldags og ég skil þau kannski alveg. En spurningin er, nú er ég orðin

Ég get alveg viðurkennt að þegar ég var krakki og á unglingsárunum þá fékk ég standpínu.

kona, hvað ætla þau að gera? Ætla þau að halda áfram að ýta mér í burtu?

Ætlaðu að giftast Baldvin?

Vó! Við erum búin að tala um það. En ég er ekki tilbúin að verða mamma. Það er eitthvað sem hann vill samt.

Vill hann fara að eignast börn? Já. Ég skil að þetta sé svölitið erfitt fyrir hann. Allir vinir hans eru að verða pabbar og hann er að verða þrítugur.

Hvað gerir Baldvin?

Hann er blikksmiður og er nýbúinn að klára meistarann. Hann má þakka hormónunum mínum fyrir það, því ég var alltaf að skipa honum að vinna og læra. Hann var einn af þessum strákum sem var geðveikt latur en núna er hann orðinn geðveikt duglegur. Svo ég hef gert margt fyrir karlinn minn.

Hvernig tekur hann allri athyglinni sem hann hefur fengið fyrir að vera með þér?

Hann var ótrúlega lokaður og bældur strákur. Athyglin sem hann hefur fengið fyrir að vera með mér og fyrir að vera opin með þetta allt hefur gert honum mjög gott. Þetta er allt annar maður en ég kynntist, þetta er alveg búið að bjarga egóinu hans.

Hvernig finnst þér sjálfri að vera orðin landsþekkt manneskja? Mér finnst ég bara vera venjuleg.

Landsþekkt eða ekki, mér finnst ég bara vera elskuð. Ég á fullt af vinum og það er fint. Ég fer á hausinn við að gefa fólk afmælisgjafir.

Þú virðist hafa góðan húmor fyrir sjálfri þér og komst fram í eftirminnilegum skets hjá Steinda Jr.

Já, það var geðveikt. Ég var algjörlega að gera grín að sjálfri mér. Hann talaði fyrst um að hann ætlaði að passa að hafa þetta ekki of gróft, en ég sagði honum að fyrst við værum á annað borð að gera þetta þá ættum við bara að fara alla leið með þetta. Kossinn fyrir framan alla þessa krakka tók margar tilraunir. Svo sagði ég bara: „Ég ætla að ímynda mér að ég sé að kyssa Baldvin og þú ímyndar þér að þú sért að kyssa kerlinguna þína.“ Svo þurftu þeir náttúrulega að setja þetta í „slow motion“. Þetta var mjög skemmtilegt. Ég held að við ætlum að gera annan skets saman.

Hvað langar þig að gera í framtíðinni?

Ég veit það ekki. Egóíð mitt er alveg að drepa mig núna, mig langar bara að fá júlurnar mínar og fara að pósa fyrir Playboy. Mig langar að vinna í fjölmiðlum, ég væri til í það. Kannski ætti ég bara að skrifa bók um lífið mitt. Ég veit ekki hvort Tyra Banks er ennþá með sjónvarpsþáttinn sinn, en ég var að senda henni e-mail um daginn. Ég er ekki ennþá búin að fá svar. Það væri fint að mæta í Tyra Banks Show og segja sögu sína.

Fangaðu heiminn með Canon EOS

Frábær saga snýst um uppgötvun

Fyrir byrjendur í ljósmyndun og ljósmyndara eru Canon EOS myndavélar frábær valkostur.

Farðu lengra með Canon EOS. Yfirgripsmesta stafræna SLR kerfið í heiminum; útskiptanlegar linsur og aukahlutir sem tryggja sveigjanleika. Prautreynt af atvinnu og áhugaljósmyndurum. Uppáhald ljósmyndara um allan heim.

Taktu meira en myndir.
Taktu sögur.



EOS

Nánari upplýsingar á www.canon.nyherji.is
Vertu aðdáandi Canon á Íslandi á Facebook

Canon

Viðurkenndir Canon söluaðilar um land allt

ELKO Flugstöð Leifs Eiríkssonar / Reykjavík Sense Center, Kringlunni - Verslun Nýherja, Borgartúni 37 - ELKO Lindum & Skeifunni - Beco, Langholtsvegji 84 - Myndval, Mjódd - Fotoval, Skipholti 50b / Akureyri Pedromyndir - A4 / Húsavík Bókaverslun Þórarins / Ísafjörður Bókahornið - Penninn / Sauðárkrókur Tengill - Kaupfélag Skagfirðinga / Blönduós Kjalfell / Hvammstangi Ráðbarður / Grundarfjörður Hrannarbúðin / Stykkishólmur Skipavík / Borgarnes Omnis / Akranes Omnis / Reykjanesbær Omnis / Selfoss TRS / Höfn í Hornafirði Martölvan / Neskaupstaður Tónspil / Egilsstaðir Myndsmiðjan / Vestmannaeyjar Geisli - Tölvun / Netverslun Nýherja, www.netverslun.is



KRISTÓFER, ÞORSTEINN OG JÓN ANTON ERU RAUÐBARI EN SJÁLFUR LENÍN

Rauðhærðasta band landsins

Hljómsveitin Nögl er orðin 75% rauðhærð

„Við vildum hafa sem flesta rauðhærða í bandinu. Við þurftum að láta bassaleikarann fara því hann var ekki með rétta háralittinn,“ segir Kristófer Eðvarðsson, söngvari hljómsveitarinnar Nögl. Kristófer er rauðhærður rétt eins og trommuleikari sveitarinnar, Þorsteinn Ólafsson, og á dögnum skiptu þeir um bassaleikara og réðu inn þriðja rauðhausinn, Jón Anton Stefánsson. „Minnihlutanum í bandinu verður mikið strítt,“ segir Kristófer og á við gítarleikarann Jóhannes, sem er sá eini sem er ekki rauðhærður. „Hann verður að fara að gera eitthvað í sínum málum. Spurning hvort hann

liti ekki bara á sér hárið,“ grínast Kristófer. Nögl er rokkhljómsveit sem rekur uppruna sinn til Grundarfjarðar og byrjaði upphaflega sem Blink182-tökulagaband. Sveitin gaf í fyrra út sína fyrstu plötu, I Proudly Present, og er um þessar mundir að senda frá sér nýtt lag sem ber heitið I Will Be Blamed „Við erum einmitt að byrja að skjóta myndband við lagið. Ætlunin er að taka hluta af því upp við byggingarsvæðið hjá Hörpunni,“ segir Kristófer. Nögl stefnir á útgáfu nýrrar plötu í byrjun næsta árs og verður I Will Be Blamed að finna á henni.

Skvísulegt lúkk sem virkar allan ársins hring

Anna Guðrún kíkta með Monitor í Sautján og Body Shop, klæddi sig upp og farðaði.



ANNA GUÐRÚN EINARSDÓTTIR

28.02.92
Nemi í Verzló

Hvað fílar þú helst við lúkkið?
Skórnir eru mjög flottir.

Hvað fílar þú helst í tisku um þessar mundir?
Mér finnst rándótt og blúndur koma sterkt inn.

Hvaða litum gengur þú helst í?
Ég geng mest í svörtu en einnig finnst mér ferskjulitaður mjög flottur.

Uppáhaldsflik?
Hvítur blómakjöll úr Topshop.

Hvaða flik keyptir þú þér síðast?
Ég keypti mér fyllta hæla, ekki ósvipaða þessum úr GS skóm.

Er eitthvað sem þú myndir aldrei klæðast?
Sennilega ekki hvítum gallabuxum.

Uppáhaldsfylgihlutur?
Það eru gylltir eyrnalokkar sem systir mín gaf mér.

Hvað ertu að hlusta á?
Undanfarið hef ég hlustað mikið á Florence and The Machine.

Uppáhaldsbiómynd?
Anger Management var göð.

Ertu að fylgjast með einhverjum sjónvarpsþáttum?
Þættirnir Chuck eru mjög skemmtilegir og Desperate Housewives.

Hvað ertu að gera í sumar?
Ég er að vinna í bæjarvinnunni og ferðast til Vestmannaeyja og Tenerife.



BRONZE SHADE
Ljóst sólarpúður sem gefur húðinni mjög fallegan, léttan gljáa.
2.790 kr.
Body Shop

LUN LUSTRE BRUSH
Mjúkur og góður bursti í sólarpúðri.
1.990 kr.
Body Shop



BELTI
Gaddabeltin hafa verið í tisku í nokkurn tíma og haldast inni fram á haustið. Ekki seinna vænna að tryggja sér eitt stykki.
3.990 kr.
Sautján

JAKKI
Sportlegur jakki sem hægt er að nota allan ársins hring. Sígt sníð sem gengur aldrei úr tisku.
11.990 kr.
Sautján

ARM BAND
Lífgar alltaf upp á svartan klæðnað að nota keðjuarmbönd. Þetta armband gengur vel eitt og sér en einnig er flott að setja nokkur saman.
1.990 kr.
Sautján

BUXUR
Ljósar gallabuxur eru sjóðheitar í sumar og eru þessar sérstaklega flottar með lituðum skálum.
21.990 kr.
Sautján

SUPER VOLUME MASKARI
Svartur maskari sem þykkir áferð augnháranna.
1.790 kr.
Body Shop



TASKA
Poppuð stór taska á frábæru verði.
12.990 kr.
Sautján



Myndir/Arni Sæberg



Reykjavík Spraykiavík!

Áður en hreinsunardeild Reykjavíkurborgar hefur tekst að mála yfir umdeild listaverk á húsveggjum hefur ljósmyndarinn Sally Megyessi oft náð að fanga snilldina, sem sumir kalla veggjakrot, á filmu. Nú ætlar hún að deila með áhugsömum nokkrum af sínum uppáhalds myndum sem hún segir að sýni því miður flestar verk sem ekki séu til ennþá. Sally minnir þó á að enn séu margir veggir eftir í borginni sem hafa ekki verið skreyttir en býst við að það muni ekki vara of lengi.

Sýningin, sem ber nafnið Spraykiavík, opnar á Babalú á Skólavörðustíg á sunnudaginn klukkan 11 og stendur út mánuðinn.



Má ekki lita á sér hárið

Dóttir poppdrollunnar Madonna, Lourdes Leon, er aðeins 13 ára gömul en er strax farin að gera sig líklega til stórræða. Hún hefur tekið við að blogga á síðunni MaterialGirlCollection.com en samkvæmt fyrstu færslu hennar þá virðist Madonna, þrátt fyrir vafasöm bernskubrek, vera ósköp venjuleg móðir. „Ég er 13 og verð 14 í október og ég get ekki beðið vegna þess að þá má ég LOKSINS lita á mér hárið. TAKK MAMMA!“ segir Lourdes á blogginu en áður hefur einnig verið haft eftir Madonna að henni finnst dóttir sín hafa fulldjarfan fatasmekk. Nú verður fróðlegt að sjá hvort Lola, eins og Lourdes er gjarnam kölluð, mun þurfa að rasa eins mikið út og móðir sín forðum áður en hún fullorðnast.

Íslenskar konur eru latar að hafa sig til

Alda B. Guðjónsdóttir er stílistinn bak við flestar auglýsingar sem við sjáum í íslensku sjónvarpi. Hún er ein af fáum stílistum á landinu og ein sú eftirsóttasta. Stíllinn ræddi við Öldu um starfið og stílinn á Íslandi.

Hvernig er starf stílista? Það er mjög margbreytilegt, sem er kosturinn við það. Ég vinn aðallega í auglýsingum en tískumyndatökur eru skemmtileg verkefni með.



Mynd/Ernir

Ertu menntuð? Nei, það er þrjóska sem kom mér áfram.

Hvernig hófst ferill þinn? Ég var mikið inni á saumastofu hjá ömmu í æsku og fór út frá því að hanna fót. Stílistastarfið vatt í raun bara upp á sig út frá fatahönnuninni og var fyrirtækið mitt Snyrtilegur Klæðnaður til 1999.

Starfa margir stílistar á Íslandi? Nei, það eru innan við fimm sem starfa í fullri vinnu sem stílistar. Það reyna margir fyrir sér sem halda að þetta snúist bara um að vera smart og kunna að klæða sig en það er nú minnsti parturinn. Starfið snýst að miklu leyti til um samskipti og tilfinninguna sem maður hefur fyrir umhverfi sínu. Ég hef lagt mikið upp úr því að setja saman lúkk sem lifir lengi, að fatnaður í auglýsingu



HÉR STÍLISERAÐI ALDA FYRIR NÝTT LÍF. LJÓSMYNDARI ER VERA PÁLSDÓTTIR.



HÉR STÍLISERAÐI ALDA FYRIR NORDIC REACH BLAÐ SEM KEMUR ÚT Í NEW YORK. LJÓSMYNDARI ER ODDVAR HJARTARSON.



verði ekki orðinn úreltur eftir þrjá mánuði.

Hvernig er dæmigerður vinnudagur? Hann er ekki til. Ég

mæti til vinnu á öllum tímum sólarhrings.

Hver finnst þér smekklegasti Íslendingurinn? Dorrit hefur vissan

klassa við sig, hún er eins og Jackie Kennedy.

Smekklegasta erlenda stjarnan? Kate Moss.

Er eitthvað áberandi slakt í tisku íslenskra kvenna? Almenn þykir mér íslenskar konur ekki taka sig til, þær eru latar að punta sig og herma gjarnan hver eftir annari. Hvað varðar íslenskar tískudömur finnst mér þær reyna allt of mikið, það sem kemur frá hjartanu og er einlægt það kemur best út.

Þú hefur verið að koma íslenskum fyrirsætum erlendis, hvernig gengur það? Það er lítið hliðarverkefni hjá mér en ég rek casting fyrirtæki þar sem ég finn fólk í auglýsingar og kynntist í gegnum það íslenskum strákm

ég hafði mikla trú á. Ég fór ásamt samstarfskonu minni Tinnu til New York og við fundum góða módelkskrifstofu fyrir hann og honum hefur gengið ofsalega vel. Hann hefur tekið nokkrar Marc Jacobs sýningar og fleiri stór merki.

Klæðir þú þig upp daglega? Já, ég reyni það.

Skemmtilegasta verkefnið? Þau eru yfirleitt úti á landi og man ég þá helst eftir tónlistarmyndbandi fyrir Ash sem er skosk hljómsveit. Það var erfitt verkefni þar sem ég saumaði nóttina fyrir tökur og við unnum lengi, en það var rosalega skemmtilegt. Svo var líka myndband fyrir Jeff Who, Barfly, sem ég gerði og var rosalega skemmtilegt.

ALDA B. GUÐJÓNSDÓTTIR ER VINSÆLASTI STÍLISTI ÍSLANDS

Heitt í bænum

Stíllinn kíkta í helstu tískuvörverslanir bæjarins og fann níu sjóðheita hluti sem nauðsynlegt er að eignast í sumar.



1. Kápa, Zara 12.995 kr. 2. Samfestingur, Zara 7.995 kr. 3. Armbönd, Topshop 3.490 kr. 4. Lola Marc Jacobs ilmvatn, Boutique Bella, 10.900 kr. 5. Taska, Zara 6.995 kr. 6. Ray Ban sólgleraugu, Profil Optic 24.800 kr. 7. Mac varasalvi, 3.990 kr. 8. Skór, Topshop 26.990 kr. 9. Slæða, Zara 4.995 kr.

Topp 10

Fallegustu konur heims

...að mati karla

1. Emmanuel Chriqui
33 ára - Kanadísk Leikkona
2. Marisa Miller
32 ára - Bandarísk Fyrirsæta
3. Kate Beckinsale
37 ára - Bresk Leikkona
4. Alessandra Ambrosio
29 ára - Brasilísk Fyrirsæta
5. Jessica Alba
29 ára - Bandarísk Leikkona
6. Beyoncé Knowles
29 ára - Bandarísk Söng- og leikkona
7. Penelope Cruz
36 ára - Spænsk Leikkona
8. Cheryl Cole
27 ára - Bresk Söngkona
9. Eva Mendes
36 ára - Bandarísk Leikkona
10. Miranda Kerr
27 ára - Áströlsk Fyrirsæta

6 milljónir karla kusu á www.askmen.com

FERILLINN



Robert Pattinson

Hæð: 185 sentimetrar.
Besta hlutverk: Edward í Twilight-myndunum. Það er að minnsta kosti hlutverkið sem hefur tryggt honum lífstíðarbyrgðir af kvenhylli.
Skrýtin staðreynd: Þykir góður tónlistarmaður og hefur gert lög sem heyrðust í Twilight-myndunum.
Eitruð tilvitnun: „Stundum hugsa ég með mér „til fjandans með leiklistina“. Síðan fatta ég að ég gæti verið að vinna í skóbuð og það er miklu svalara að vera leikari.“

1986 Fæðist 13. maí í London á Englandi.

2003 Fær hlutverk Cedric Diggory í Harry Potter eftiráheyrnarprufu hjá leikstjóranum Mike Newell.

2004 Leikur í sjónvarpsmynd um Niflungahringinn og smáhlutverk í kvikmyndinni Vanity Fair sem skartaði Reese Witherspoon í aðalhlutverki.


2005 Harry Potter and the Goblet of Fire er frumsýnd og Pattinson þykir sína góða frammistöðu.

2007 Harry Potter and the Order of the Phoenix frumsýnd. Pattinson er aftur í hlutverki Cedric Diggory.

2008 Fyrsta Twilight-myndin lítur dagsins ljós og er Pattinson í aðalhlutverkinu sem vampírán Edward. Myndin nýtur brjálæðislegra vinsælda og Pattinson verður heitasti draumaprins heims.

2009 The Twilight Saga: New Moon er frumsýnd og nýtur enn meiri vinsælda en fyrri myndin. Pattinson er heitari en möttulstrókur og tímaritið Glamour velur hann kynþokkafyllsta mann heims.

2010 Þriðja Twilight-myndin frumsýnd. Auk þess leikur hann aðalhlutverkið í og framleiðir kvikmyndina Remember Me.



STUNDUM VILJA EDWARD OG BELLA BARA KÚRA SAMAN, BORÐA NAMMI OG HORFA Á FRIENDS

Frumsýningar helgarinnar

The Twilight Saga: Eclipse

Leikstjóri: David Slade.
Aðalhlutverk: Robert Pattinson, Kristen Stewart, Taylor Lautner, Bryce Dallas Howard, Ashley Greene og Dakota Fanning.
Lengd: 124 mínútur.
Dómar: IMDb: 3,2 / Metacritic: 5,8 / Rotten Tomatoes: 50%
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Keflavík, Akureyri og Selfossi.



Bella (Stewart) og Edward (Pattinson) eru sameinuð á ný en forboðinni ást þeirra er ógnað af illri vampíru sem leitar hefnda. Bella neyðist til að velja á milli ástar sinnar á Edward og vináttunni á milli hennar og Jacob (Lautner) á meðan að vampírir og varúlfar halda áfram að kljást. En Bella á enn annan kost fyrir sér, dauðleiki eða ódauðleiki?

Killers

Leikstjóri: Robert Luketic.
Aðalhlutverk: Ashton Kutcher, Katherine Heigl, Tom Selleck og Catherine O'Hara.
Lengd: 93 mínútur.
Dómar: IMDb: 3,6 / Metacritic: 2,1 / Rotten Tomatoes: 12%
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólabíó og Laugarásbíó.













Spencer Aimes (Kutcher) er leigumörðingi á vegum bandarískra yfirvalda sem fellur fyrir Jen Kornfeldt (Heigl), kvænist henni, flytur í úthverfi og leggur byssuna á hilluna. Dag einn komast þau að því að milljónir hafa verið lagðar til höfuðs Spencer og leigumörðingar hafa fylgst með honum í langan tíma. Nú er bara spurning hvort það eru nágrannar þeirra, vinir eða vinalégi gaurinn í matvörubúðinni?



Svakalegustu hasargellurnar

Rotten Tomatoes hefur tekið saman 10 svakalegustu hasargellur kvikmyndasögunnar. Hvort sem menn eru sammála valinu eða ekki, þá er ljóst að fæstir þora að fokka í þessum skvísium.

-  **1.** Englar Charlies úr Charlie's Angels
-  **2.** Leia prinsessa úr Star Wars-myndunum
-  **3.** Foxy Brown úr Foxy Brown
-  **4.** Inspector Yang úr myndinni Supercop
-  **5.** Sarah Connor úr Terminator
-  **6.** Fox úr myndinni Wanted
-  **7.** Jóhanna af Örk úr Passion of Joan of Arc
-  **8.** Ellen Ripley úr Alien-myndunum.
-  **9.** Brúðurin úr Kill Bill-myndunum
-  **10.** Mononoke úr Princess Mononoke

Popp-korn

Leonardo DiCaprio segist sérstaklega spennur fyrir nýrri víkingamynd sem hann mun leika í undir leikstjórn **Mel Gibson**, en myndin hefur enn ekki hlotið nafn. Aldrei hafi verið gerð almennileg stórmynd um víkinga og því sé kominn tími til enda hafi víkingarnir verið einhverjir mestu niðingar sögunnar. Þar að auki segist hann vera mikið sögunörd og að hann hafi gaman af sögulegum myndum, ekki síst þegar Mel Gibson eigi í hlut.



Fimmta Final Destination myndin er væntanleg í kvikmyndahús á næsta ári en til að breyta örlítið út af vananum verður nafn myndarinnar ritað 5nal Destination. Þá verður upphafsharmleikur þessarar myndar þegar brú í stórborg hrynur. Og að þessu sinni verður allt í þrívídd.



Stórframleiðandinn **Jerry Bruckheimer** hefur lýst yfir áhuga á að gera framhald af myndinni Top Gun en **Tom Cruise** yrði að sjálfsgögu ómissandi í hlutverk orrustuflugmannsins Maverick. Að sögn Bruckheimer hefur þó margt breyst í flugheiminum síðan fyrri myndin var gerð og því segir hann að finna þurfi nýja leið til að blanda karakter Maverick inn í söguþráðinn.



Nicole Kidman deilir ekki áhuga **Bruckheimer** á að fá **Tom Cruise** inn í líf sitt á ný en hún og tónlistarmaðurinn **Keith Urban** fögnuðu á dögnum fjögurra ára brúðkaupsafmæli sínu. Annars er það að frétta af Kidman að hún vinnur nú að framleiðslu myndarinnar The Danish Girl þar sem hún mun sjálf leika fyrsta einstakling sögunnar sem gengst undir kynleiðréttingaraðgerð. Það er **Uma Thurman** sem mun leika eiginkonu hennar í myndinni sem er væntanleg árið 2012.



Þeir eru fleiri sem vildu hafa fæðst af öðru kyni en Angelina Jolie segir að dóttir hennar, Shiloh, vildi helst vera strákur. Hún klæðist eingöngu strákafötum, vilji vera stuttklípt eins og strákur og að hún liti á sig eins og einn af bræðrum sínum. Jolie segir stíl Shiloh vera í anda Svartfellinga. Í Svartfjallalandi klæði sig allir svona.



ALÞJÓÐLEGT ORGELSUMAR

Hallgrímskirkja
12:00 Friðrik Vignir Stefánsson organisti Seltjarnarneskirkju og Eygló Rúnarsdóttir mezzosópran flytja orgelverk og kirkjuleg sönglög frá ýmsum tímum. Miðaverð er 1.000 krónur.

FUNK Í REYKJAVÍK, 1. KVÖLD

Nasa
20:00 Tónlistarhátíðin Funk í Reykjavík er haldin í fyrsta sinn þessa helgi og þar kennir ýmissa grasa. Á þessu fyrsta kvöldi hátíðarinnar byrjar gamanið með dj-lucky klukkan 20 en klukkan 21 tekur Samúel Jóns Samúelsson Big Band við. Jimi Tenor stígur svo á svið klukkan 22:30 og lokar kvöldinu.

ELÍZA NEWMAN

Café Rosenberg
20:00 Eliza Newman, sem búsett er í London, heldur tónleika á Rosenberg en auk hennar mun tónlistarmaðurinn og upptökustjórinn Gísli Kristjánsson spila efni af væntanlegri plötu sinni. Þá mun hljómsveitin Of Monsters and Men einnig stíga á stökk. Miðaverð er einungis 500 krónur og tónleikarnir standa til 23:30.

TÓNLEIKAR Á BABALÚ

Babalú, Skólavörðustíg
20:00 Tónlistarmennirnir Jóhann Kristinnson og Jón Þór Ólafsson (Lada Sport, Isidor, Dynamo Fog) spila á hinu vinalaga kaffihúsi Babalú. Jóhann mun leika lög af nýrri plötu sinni, Tropical Sunday, í bland við nokkur eldri og Jón Þór mun flytja nýtt, íslenskt efni sem líklega verður að finna á væntanlegri sólóplötu hans.

SUMARFÖGNUMÐUR

Hjaltalín
20:00 Hljómsveitin Hjaltalín fagnar komu sumars með tónleikum víðsvegar um land. Að þessu sinni eru þau í Flatey og spila á Hótel Flatey og Snorri Helgason hitar upp.

CELLOPHANE

Iðón
20:00 Einleikurinn vinsæli eftir Björk Jakobsdóttur hefur nú verið þýddur yfir á ensku og er það leikkonan Þórunn Lárusdóttir sem fer með hlutverk hennar langt leiddu húsmóður sem lendir í ógöngum þegar hún reynir að standast kröfur nútímasamfélags til kvenna.

ICELAND INSPIRES

Hljómskálagarðurinn
20:00

Færðir í Hljómskálagarðurinn

„Ég hef engar áhyggjur af veðrinu. Ég held það sé bara betra að hafa íslenskt rok og eitthvað gúmmelaði,“ sagði Katrína Mogensen, söngkona hljómsveitarinnar Mammút, þegar Monitor náði tali af henni. Sveitin er ein fjölmargra sem koma fram á Iceland Inspires-tónleikumum sem áttu að fara fram að Hamragörðum við Seljalandsfoss á fimmtudagskvöld. Andartaki eftir að Katrína hafði sleppt orðinu voru þeir færðir til, einmitt vegna spádóma um lægð við suðurströndina. Þess í stað verða þeir í Hljómskálagarðinum.

Hvað sem veðrinu líður hlakkar Katrínu mikið til að spila á þessum sérstöku tónleikum og er ánægð með að látið sé á það reyna að leiðrétta þann misskilning margra að hér sé allt í volli vegna eldgoss og ösku. Hún segist þó ekki hafa orðið vör við þann misskilning á eigin skinni. „En við förum til Noregs á föstudaginn og spilum þar um helgina. Þá kannski heyrum við hvort fólk er skithrætt við að koma hingað,“ segir hún en Mammút mun eflaust bera Íslandi vel söguna í ferðinni, sem og í þriggja vikna túr sínum um Þýskaland, Austurríki, Sviss og Slóvakíu, sem hefst í lok júlí.

Auk Mammút koma fram á tónleikumum þekktir listamenn á borð við Damien Rice, Amiinu, Dikta, LayLow og Seabear. Aðgangur er ókeypis, en á InspiredbyIceland.com verður hægt að fylgjast með beinni útsendingu frá tónleikumum.



ALEXANDRA, KATRÍNA OG ÁSA
SKIPA KVENARM MAMMÚT

Mynd/Eggert

föstudagur

DREKKTU BETUR

Gallerý Bar 46, Hverfisgötu 46
17:00 Þetta langlífasta Pub Quiz landsins hefur verið haldið á hverjum föstudegi í á áttunda ár.

FUNK Í REYKJAVÍK, 2. KVÖLD

Nasa
20:00 Það eru Dj Honky and Lynne K. sem hefja leikinn klukkan 20 á öðru kvöldi tónlistarhátíðarinnar Funk í Reykjavík. Klukkan 21 er það svo Tómas

R. Einarsson sem stígur á svið og í kjölfar hans, klukkan 22, er það Ojba-rasta. Funk-meistararnir í Jagúar taka svo við klukkan 23:15 og klukkan eitt koma svo Hjalmar, sem loka kvöldinu að þessu sinni.

BESTA ÚTIHÁTÍÐIN

Galtalækur
20:00 Tónlistarhátíðin Besta útihátíðin hefst í Galtalæk á föstudag og munu mörg af stærstu nöfunum í íslenskrá tónlist koma fram. Dj Danni Deluxx byrjar kvöldið klukkan 20 þar til xxx Rottweiler stíga á stökk. Í kjölfarið fylgja Haffi Haff, Dalton, Dikta, í svörtum

fötum og Skímó lokar svo kvöldinu. Miðaverð í forsölu, sem lýkur á miðnætti 1. júlí, er 5.500 krónur og fer fram á N1 Ártúnshöfða, Hringbraut, Lækjargötu og Selfossi. 2. júlí hækkar verðið í 6.500 krónur og við hliðið kostar miðinn 7.500 krónur.

HERA

Oddakirkja, Rangárvöllum
21:00 Söngkonan Hera Hjartardóttir heldur tónleika undir yfirskriftinni Frá Aotearoa til Íslands, í hinni fallegu Oddakirkju á Rangárvöllum. Miðaverð er 1.500 krónur

og húsið opnar klukkan 20:30. Miðasala fer fram við inngang.

ROCKY HORROR – KABARETT

Barbara
21:00 Viggó og Víóletta standa fyrir kabarettýningu þar sem tekin verða yfir atríði úr Rocky Horror Picture Show. Kabarettinn hefst klukkan 23 en á undan honum, eða klukkan 21, verður kvikmyndin sjálf sýnd í fullri lengd. Miðaverð er 1.000 krónur.

LJÓTU HÁLFVITARNIR

Græni hatturinn, Akureyri
22:00 Viðbótarónleikar Ljótu hálvitanna vegna mikillar eftirsparnar. Bæði gömul og ný lög leikin.

SUMARFÖGNUMÐUR

Hjaltalín
Krúsin, Ísafirði
23:00 Nú fagnar Hjaltalín sumrinu með Ísfröngum. Lára Rúnarsdóttir hitar upp. Miðaverð er 2.000 krónur.

laugardagur

ALÞJÓÐLEGT ORGELSUMAR

Hallgrímskirkja
12:00 Danski orgelleikarinn Christian Præstholm leikur verk eftir Alain, J.S. Bach, Messiaen og hinn danska J.P.E. Hartmann.

JAZZ UNDIR FJÖLLUM

Byggðasafnið í Skógum
13:00 Hátíðin Jazz undir fjöllum er nú haldin í Skógum undir Eyjafjöllum í sjöunda sinn. Dagskráin byrjar klukkan 13 þegar Trío Sigurðar Flosasonar kemur fram. Klukkan 14 er komið að Kvartett Andréas Pórs og klukkan 15 er það Dúó Sigurðar og Kjartans sem stíga á stökk. Síðastur á svið er svo Kvartett Kjartans Valdemarssonar sem spilar klukkan 16. Aðgangur er 1.500 en aðrir tónleikar verða svo í félagsheimilinu Fossbúð klukkan 21.

GUITAR ISLANDICO

Jómfrúin, Lækjargötu
15:00 Sumardjassinn heldur áfram á Jómfrúnni og að þessu sinni er það hljómsveitin Guitar Islandico sem leikur fyrir gesti. Hana skipa Björn Thoroddsen, Hjörtur Steinsson og Jón Rafnsson. Aðgangur er ókeypis.

FUNK Í REYKJAVÍK, 3. KVÖLD

Nasa
20:00 Það kennir ýmissa grasa á Funk í Reykjavík á þessu þriðja og síðasta kvöldi hátíðarinnar. Fyrstur

er það Dj Magic sem spilar frá 20 til 21 en þá tekur Boba við. Söngkonan Kristín stígur á stökk klukkan 22 og því næst Africa Lole klukkan 23. Á miðnætti er það hljómsveitin Moses Hightower sem tekur við kefninu og að lokum, klukkan eitt, verður Fela Kutí tribute.

BESTA ÚTIHÁTÍÐIN

Galtalækur
20:00 Á seinna kvöldi Bestu útihátíðarinnar er það Dj Stínsson sem hefur leikinn en í kjölfarið fylgja Didd fel ásamt Dj Intro, xxx Rottweiler, Sykur, Kristmundur Axel, í svörtum fötum, Steindi Jr., Love guru Allstar og síðast en ekki síst, Scooter sjálfur. Miðaverð í forsölu, sem lýkur á miðnætti 1. júlí, er 5.500 krónur og fer fram á N1 Ártúnshöfða, Hringbraut, Lækjargötu og Selfossi. 2. júlí hækkar verðið í 6.500 krónur og við hliðið kostar miðinn 7.500 krónur.

HERA

Café Rosenberg
21:00 Hera Hjartardóttir leikur fyrir Reykjavíkina á Café Rosenberg. Miðaverð er 1.500 krónur og fer miðasala fram á staðnum.

JAZZ UNDIR FJÖLLUM – KVÖLDTÓNLEIKAR

Félagsheimilið Fossbúð
21:00 Tónleikar á vegum Jazz undir fjöllum þar sem Egill Ólafsson, Ragnheiður Gröndal og Trío Sigurðar Flosasonar kemur fram. Miðaverð er 1.500 krónur.

LJÓTU HÁLFVITARNIR

Græni hatturinn, Akureyri
22:00 Viðbótarónleikar Ljótu hálvitanna vegna mikillar eftirsparnar. Leikin verða lög af nýrri plötu þeirra í bland við gamla slagara.



BUFF

Félagsheimilið í Bolungarvík
23:00 Markaðsdagar standa yfir þessa helgina í Bolungarvík og er búist við mikilli gleði. Hljómsveitin Buff heldur tónleika af því tilefni og hefst þeir klukkan 23. Miðaverð er 2.500 krónur.

BALL Á HUMARHÁTÍÐ

Víkin, Höfn í Hornafirði
23:30 Húmarhátíð á Höfn í Hornafirði fer fram þessa helgina. Á laugardagskvöld verður ball með áhöfninni á Halastjörnunni, þeim Hemma Gunn, Ara og Finnþoga.

HJALTALÍN Á DÝRAFJARÐARDÖGUM

Félagsheimilið á Þingeyri
00:00 Hljómsveitin Hjaltalín ferðast um landið til að fagna sumrinu með Íslendingum. Nú kemur sveitin fram á Dýrafjarðardögum.

sunnudagur

STOFUTÓNLEIKAR

Gljúfasteinn
16:00 Stofutónleikar verða í Gljúfasteini alla sunnudaga í sumar og að þessu sinni eru þeir í höndum Kristins H. Arnasonar, gitarleikara. Allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir og aðgangseyrir er 1.000 krónur.



ALÞJÓÐLEGT ORGELSUMAR

Hallgrímskirkja
17:00 Tónleikar í tónleikaröðinni Alþjóðlegt orgelsumar 2010 þar sem danski orgelleikarinn Christian Præstholm flytur sálforleiki eftir sjálfan sig ásamt verkum eftir Dupré og J.S. Bach. Miðaverð er 1.500 krónur og tónleikarnir standa í um eina klukkustund.


CELLOPHANE

Iðón
20:00 Einleikurinn vinsæli eftir Björk Jakobsdóttur hefur nú verið þýddur yfir á ensku og er það leikkonan Þórunn Lárusdóttir sem fer með hlutverk hennar langt leiddu húsmóður sem lendir í ógöngum þegar hún reynir að standast kröfur nútímasamfélags til kvenna. Miðaverð er 3.400 krónur en stúdentar fá miðann á 2.500 krónur.



SUMARFAGNAÐUR

Hjaltalín
Sjórnæingjahúsið, Patreksfirði
20:00 Hjaltalín fagna sumrinu með Patreksfirðingum og opnar húsið klukkan 20:00. Miðaverð er 1.500 krónur.



Ekki vera sökker!

SMÁRA BÍO HÁSKÓLA BÍO BORGAR BÍO

★ 50% afsláttur ★

50% af verði bíomiða fyrir Ringjara

50% tilboð alla daga. Sjáðu á ring.is.



ÍSÚÐIN
LAUGALÆK



Stærsti
vinahópur
á Íslandi



Síminn

Ring er ný farsímabjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við alla innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að hringja í fólk í öðrum kerfum.



www.facebook.com/ringjarar